

Fundargerð

152. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 24. apríl kl. 13:30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Ársreikningur HNE árið 2012.

Ársreikningur var kynntur og helstu liðir ræddir. Ársreikningur 2012 borinn upp og samþykktur, sjá hjálagðan ársreikning.

3. Molta ehf, staða mála, fyrirhuguð áminning.

Farið var yfir stöðu mála og fyrirhugaðri áminningu frestað til næsta fundar heilbrigðisnefndar.

4. Förgun á sóttmenguðum landbúnaðarúrgangi, áhættuflokkun og úrræði.

Rætt var um það vandræðaástand hefur skapast eftir að sorpbrennslustöðin á Húsavík hætti starfsemi. Nýlega kom upp atvik í Eyjafirði þar sem féll til talsvert magn af sóttmenguðum úrgangi vegna Salmonella sýkingar í alifuglum (áhættuflokkur 2). Ekki fékkst samþykki fyrir urðun í Stekkjarvík við Blönduós og var þá leitað eftir leyfi til urðunar að Fíflholtum á Mýrum. Sorpurðun Vesturlands hf hljóp undir bagga með Norðlendingum og tók við úrganginum til urðunar að Fíflholtum að fengnu samþykki frá Umhverfisstofnun, Matvælastofnun (Héraðsdýralækni Vesturlands), Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Sóttvarnalækni.

Eftirfarandi bókun var gerð um málið:

-Heilbrigðisnefnd leggur þunga áherslu á að svæðisáætlanir sveitarfélaga vegna förgunar úrgangs verði uppfærðar reglulega og minnir á mikilvægi þess að ávallt verði tiltæk greið úrræði fyrir allar tegundir af úrgangi.

-Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi þess að ekki skapist óvissa eða tafir vegna förgunar á sóttmenguðum úrgangi.

-Dýraleifum sem flokkast í áhættuflokk 1 (t.d. sauðfé sem er smitað af riðu eða kann að vera smitað af riðu og áhættuvefir úr sauðfjárslátrun) ber að farga í viðurkenndri brennslu og afar mikilvægt að sveitarfélög eigi greiðan aðgang að slíku úrræði.

Hafsteinn H. Gunnarsson tók ekki þátt undir þessum lið dagskrár.

5. Starfsleyfisskilyrði HNE vegna mengunarvarna fyrir matvælavinnslu, stóreldhús, kjötvinnslur, sláturhús, þ.m.t. reykhus og reykofnar, og aðra sambærilega starfsemi; tillaga að skýrari viðmiðum varðandi forhreinsun iðnaðarskólps.

Eftirfarandi var samþykkt:

-Iðnaðarskólp skal forhreinsa áður en það er losað í fráveitu eða viðtaka. Notast skal við bestu fáanlegu tækni (BAT) við forhreinsun iðnaðarskólps. Eftirfarandi

losunarmörk gilda um frárennsli sem losað er í fráveitukerfi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra: COD 1000 mg/L, svifagnir 500 mg/L, olía og fita 100 mg/L, mælt með stöðluðum aðferðum. Miðað er við meðaltöl fyrir vinnsludag. Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda liggja fyrir rökstudd umsókn rekstraraðila þess efnis.

6. Starfsleysfiskilyrði HNE fyrir mjólkurvinnslu, safagerð, smjörlíkisgerð og aðra sambærilega starfsemi; tillaga að skýrari viðmiðum varðandi forhreinsun iðnaðarskólps.

Eftirfarandi var samþykkt:

-Iðnaðarskólp skal forhreinsa áður en það er losað í fráveitu eða viðtaka. Notast skal við bestu fáanlegu tækni (BAT) við forhreinsun iðnaðarskólps. Eftirfarandi losunarmörk gilda um frárennsli sem losað er í fráveitukerfi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra: COD 1000 mg/L, svifagnir 500 mg/L, olía og fita 100 mg/L, mælt með stöðluðum aðferðum. Miðað er við meðaltöl fyrir vinnsludag. Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda liggja fyrir rökstudd umsókn rekstraraðila þess efnis.

7. Starfsleysfiskilyrði HNE vegna mengunarvarna fyrir fiskvinnslur, rækjuvinnslur, heitloftspurrkun sjávarafurða og aðra sambærilega starfsemi; tillaga að skýrari viðmiðum varðandi forhreinsun iðnaðarskólps.

Eftirfarandi var samþykkt:

-Iðnaðarskólp skal forhreinsa áður en það er losað í fráveitu eða viðtaka. Notast skal við bestu fáanlegu tækni (BAT) við forhreinsun iðnaðarskólps. Eftirfarandi losunarmörk gilda um frárennsli sem losað er í fráveitukerfi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra: COD 1000 mg/L, svifagnir 500 mg/L, olía og fita 100 mg/L, mælt með stöðluðum aðferðum. Miðað er við meðaltöl fyrir vinnsludag. Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda liggja fyrir rökstudd umsókn rekstraraðila þess efnis.

8. Fráveita sláturhúss og kjötvinnslu B. Jensen í Hörgársveit; kynning og afgreiðsla á úrbótaáætlun sveitarstjórnar.

Lögð er fram tillaga Verkís fyrir hönd Hörgársveitar, dags. 8.3.2013, ásamt fylgigögnum frá RAF ehf., að lausn fráveitumála frá sláturhúsi B. Jensen. Heilbrigðisnefnd samþykkir tillöguna, enda verði sýnt fram á að markmiðum þeim sem sett eru fram í umsókn og fylgigögnum verði náð innan 6 mánaða frá verklokum.

9. Þverárnáma í Eyjafjarðarsveit; 601 Akureyri, umsögn til Skipulagsstofnunar vegna frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum.

Umsögn heilbrigðisfulltrúa var kynnt.

10. Munkaþverá í Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri, malarnám, umsögn til Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum.

Umsögn heilbrigðisfulltrúa var kynnt.

11. Skútar, Hörgársveit, 601 Akureyri, umsögn til Skipulagsstofnunar vegna frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum.

Umsögn heilbrigðisfulltrúa var kynnt. Í umsögn er lögð áhersla á að Skútaberg ehf virði gefin fyrirheit um góða umgengni á athafnasvæði sínu og að gerðar verði ráðstafanir í reynd til að lágmarka rykmyndun við vinnslu og flutning á efni.

12. Urðunarsvæði fyrir sorp í Laugardal við Húsavík (óvirkur úrgangur). Skipulags- og matslýsing.

Umsögn heilbrigðisfulltrúa var kynnt.

Hafsteinn H. Gunnarsson tók ekki þátt undir þessum lið.

13. Innflutningur, dreifing og sala á fæðubótarefnum; tillaga að bókun varðandi heilsustaðhæfingar og innihaldsmerkingar.

Fjallað var um ákveðna hnökra varðandi eftirlit með innflutningi, dreifingu og sölu fæðubótarefna og í framhaldi af því samþykkir heilbrigðisnefnd eftirfarandi verklagsreglur:

-Sá sem hyggst dreifa og selja fæðubótarefni sækir um starfsleyfi til HNE vegna þess húsnæðis sem hann hyggst nýta og upplýsir í umsókn um eigin verkferla og innra eftirlit varðandi innflutning, merkingar og dreifingu og sölu vörunnar.

-HNE kannar hjá byggingafulltrúa hvort fyrir liggi byggingarleyfi; þ.e. hvort starfsemin samræmist gildandi skipulagi og eftir atvikum hvort fyrir liggi leyfi til breyttrar húsnótkunar.

-Söluaðila fæðubótarefna er skylt að framvísa staðfestingu frá innflutningseftirliti Matvælastofnunar um að heilsufullyrðingar og innihald þeirra fæðubótarefna sem fyrirhugað er að dreifa og selja samræmist reglugerð um fæðubótarefni nr. 624/2004 með síðari breytingum og reglugerð 406/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varðar matvæli.

14. Umsókn frá verslun Samkaupa/Úrvals á Dalvík um undanþágu frá lögum um tóbaksvarnir fyrir starfsfólk á aldrinum 16 til 18 ára.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra mælir ekki með því að ungmennum á aldrinum 16-18 ára sé falin sú ábyrgð að afgreiða tóbak og þau sett í þá aðstöðu að þurfa að neita jafnöldrum og jafnvel eldri ungmennum um afgreiðslu tóbaks. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra synjar því erindinu, sem og öðrum sem kunna að berast þess efnis

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Bryggjan/N.A. ehf, kt. 640108-0370, Strandgötu 49, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingahús. **Samþykkt.**
2. Stafanúpur ehf, kt. 601207-1250, Brekkugötu 33, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
3. B. Jensen ehf, kt. 440698-2889, Lóni, Hörgársveit, 601 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir sláturhús og kjötvinnslu skv. mengunarvarnareglugerð. **Samþykkt til 6 mánaða.**
4. Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar, kt. 620598-2089, Skíðabraut 12, 620 Dalvík, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
5. Hnýfill ehf., kt 541299-2169, Óseyri 22, 603 Akureyri. Fiskvinnsla og reykhus. Endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Samþykkt.**

6. Sigurbjörn ehf., kt. 560178-1079, Öldutúni 4, 611 Grímsey. Fiskvinnsla. Endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
7. Ektafiskur ehf., kt. 671200-2750, Hafnargötu 6, 621 Hauganesi. Fiskvinnsla og saltfiskverkun. Endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Afgreiðslu frestað.**
8. Útgerðarfélagið Hvammur ehf., kt. 690493-2179, Sjávangötu 1, 630 Hrísey. Fiskvinnsla. Endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Afgreiðslu frestað.**
9. Norðlenska ehf., kt. 500599-2789, Grímseyjargötu, 600 Akureyri. Sláturhús og kjötvinnsla. Endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Samþykkt til 6 mánaða.**
10. Köldukvísl ehf kt. 490505-0590, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi. Vatnsaflsvirkjun, 2,8 MW vatnsaflsvirkjun við Eyvík á Tjörnesi. **Samþykkt.**
11. Stóru-Laugar ehf, kt. 600201-2630 Stóru –Laugum Þingeyjarsveit. Hestaleiga. **Samþykkt með fyrirvara um afgreiðslu héraðsdýralæknis.**
12. Báran restaurant/bar, kt.480313-0970, Eyrarvegur 3, 680 Þórshöfn. br. á rekstrarleyfi. **Samþykkt.**
13. Draumaborgir ehf, kt. 650210-1660, Dimmuborgum Myvatnssveit. Framleiðsla á hverabrauðum, til sölu í Kaffiborgum og víðar. **Samþykkt.**
14. Gló hár og förðun ehf, kt. 440413-1610, Sunnuvegur 10, 680 Þórshöfn. Hárgreiðslu og förðunarstofa, auk sölu á hárgreiðslu og snyrtivörum. **Afgreiðslu frestað.**
15. Kjarnafæði, kt. 581289-1899, kjötvinnsla, Svalbarðseyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna mengunarvarna. **Samþykkt.**
16. Kjarnafæði, kt. 581289-1899, mötuneyti, Svalbarðseyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**

Önnur mál:

Kynnt var erindi til heilbrigðisnefndar vegna óhóflegrar fóðrunar smáfugla í heimilisgarði í Akureyribæ.

-Heilbrigðisnefnd beinir þeim eindregnu tilmælum til viðkomandi að gæta hófs við fóðun smáfugla og áréttar mikilvægi þess að hreinsa upp fóðurleifar þannig að þær dragi ekki að sér hrafna og máfager með tilheyrandi óþægindum fyrir nágretta.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16:15

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	Alfreð Schiöth
Sigurjón Jóhannesson	Þorkell Björnsson
Birna Jóhannesdóttir	Þórey Agnarsdóttir
Hafsteinn H. Gunnarsson	María Markúsdóttir
Steinn Karlsson	Þórir V. Þórisson
Kristín Halldórsdóttir	

